**125. löggjafarþing 1999–2000.**
**Þskj. 778 — 494. mál.**

# Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir á heilbrigðisstofnunum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða heilbrigðisstofnanir hafa sett sér reglur og markmið í tóbaksvörnum?
2. Hvernig er ákvæðum 10. gr. tóbaksvarnalaga um takmörkun á tóbaksreykingum á heilbrigðisstofnunum framfylgt á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og dvalarheimilum?
   a. Hvaða stofnanir eru reyklausar, í þeim skilningi að starfsmenn reyki ekki í vinnutímanum og sjúklingar eða skjólstæðingar reyki ekki á meðan á innlögn stendur?
   b. Hvaða stofnanir leyfa reykingar utan húss eða í sérstökum herbergjum?
3. Á hvaða stofnunum hefur verið gert átak í tóbaksvörnum fyrir skjólstæðinga eða starfsmenn?

**Skriflegt svar óskast.**